

Sóknaráætlun Suðurnesja

Ársreikningur 2016

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
Skógarbraut 945
235 Reykjaneshúsar

kt. 640479-0279

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum og verkefnastjórnar Sóknaráætlun Suðurnesja.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sóknaráætlun Suðurnesja fyrir árið 2016 sem Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum hefur gert við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Íað er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2016, efnahag hans 31. desember 2016, breytingu á handbæru fé á árinu 2016 í samræmi við lög um ársreikninga og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög og reglur um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Sóknaráætlun Suðurnesja í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagisn. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissa er nokkuð hátt stig vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati og viðhöfum faglega tortryggni. Eftirsandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikning sjóðsins:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falid í sér samsæri, skjalafals, misvisandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

• Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafí leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafí leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

• Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjavík, 10. maí 2017



Guðni Þór/Gunnarsson
Löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
Framlög	77.494.174	70.636.930	
Styrkir - greiddir	(77.900.000)	(68.440.594)	
Styrkir - breyting óúthlutaðra styrktarloforða	(10.581.729)	15.149.746	
Aðkeypt þjónusta	(671.753)	(579.618)	
Bifreiðastyrkir	0	(173.250)	
Kostnaður vegna verkefna	(97.794)	(845.467)	
Fundir og ráðstefnur	(287.400)	(956.234)	
Skrifstofukostnaður	<u>(7.000.000)</u>	<u>(4.445.431)</u>	
 Rekstrarhagnaður (tap)	 (19.044.502)	 10.346.082	
Fjármunatekjur	326.070	237.937	
Fjármagnsgjöld	<u>(55.871)</u>	<u>(53.346)</u>	
 Tekjuafgangur (halli) ársins	 <u>(18.774.303)</u>	 <u>10.530.673</u>	

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

Eignir	Skýr.	31.12.2016	31.12.2015
Veltufjármunir			
Handbært fé í vörlu Samb. sveitarf. á Suðurnesjum		28.206.732	48.281.289
Eignir		28.206.732	48.281.289
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	4		
Óráðstafað eigið fé		8.656.732	27.431.035
Eigið fé		8.656.732	27.431.035
Skammtímaskuldir			
Óúthlutoð styrktarloforð		19.550.000	20.850.254
Skuldir		19.550.000	20.850.254
Eigið fé og skuldir		28.206.732	48.281.289

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins	(18.774.303)	10.530.673	
Aðrar rekstartengdar eignir (hækkun) lækkun	20.074.557	4.619.073	
Rekstartengdar skuldir hækkun (lækkun)	(1.300.254)	(15.149.746)	
Handbært fé (til) frá rekstri	0	0	
Fjárfestingarhreyfingar			
	0	0	
Fjármögnunarhreyfingar			
Skuldir við tengd félög	0	0	
Fjármögnunarhreyfingar	0	0	
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	0	0	
Handbært fé í upphafi árs	0	0	
Handbært fé í lok árs	0	0	

Skýringar

1. Starfsemi

Sóknaráætlun Suðurnesja er sammingur milli Iðnaðarráðuneytisins og Atvinnuþúnarsjóðs Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Sóknaráætlun tók við rekstri Vaxtasamnings Suðurnesja og er rekstur þess innifalinn í ársreikningnum á árinu 2016. Markmið sammingsins er að efla nýsköpun og samkeppnishæfni atvinnulífsins á starfssvæði Atvinnuþróunarráðs S.S.S. og auka hagvöxt með virku samstarfi fyrirtækja, háskóla, sveitarfélaga og ríkisins.

Sóknaráætlun Suðurnesja er rekinn sem sér deild innan Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) en hefur ekki sjálfstæða kennitölu.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Sóknaráætlunar Suðurnesja fyrir árið 2016 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsrekningsskilum og er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikningi á því tímabili sem hann fellur til.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

Viðskiptaskuldur

Viðskiptaskuldur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skýringar

3. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á fólagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir féluginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Engin eiginleg viðskipt voru á árinu 2016 við tengda aðila. Meðal veltufjármuna er tilgreint handbært fó Sóknaráætlunar sem er í vörslu SSS að fjárhæð 28,2 milljónir króna í árslok 2016.

4. Óúthlutuð styrktarloforð

Þann 31.12.2016 nemur fjárhæð óúthlutaðra styrktarloforða 19,5 milljónum króna og eru vegna úthlutana fyrir árin 2012-2016